



Í þessu fréttabréfi:

- Ungbarnaefnið slær í gegn
- Yfir 50% leikskóla vinna með Vinátta
- Tilraunakennslu með grunnskólaefnið er að ljúka
- Barnaheill – Save the Children 100 ára
- Blað Barnaheilla er komið út
- Rannsókn á viðhorfum foreldra
- Námskeið og kynningar
- Blær brúar bilið
- Pöntun á námsefni
- Barnaheill stækka og flytja
- Tónlistin er komin á Spotify

Tónlistin er komin á Spotify

Öll tónlist *Vinátta* er nú aðgengileg á Spotify og geta því allir notið góðs af henni. Best er að nota leitarorðið: *Vinátta – Gott er að eiga vin* til að finna tónlistina.

Yfir 50% leikskóla vinna með Vinátta

Vináttuskólum fer sífellt fjölgandi og þessa miklu eftirspurn má fyrst og fremst rekja til ánægju kennara með námsefnið sem dreifa boðskapnum til félaga sinna í öðrum skólum. [Hér](#) eru listar yfir alla leik- og grunnskóla með vinna með Vinátta.

Ungbarnaefnið slær í gegn

Námsefni *Vinátta* fyrir 0-3ja ára kom út í janúar sl. Útgáfugleði fór fram í leikskólanum Fífuborg í Grafarvogi og var þar margt um manninn. Ávörp fluttu m.a. forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, sem er verndari *Vinátta* á Íslandi og Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra. Börn frá leikskólanum sungu nokkur lög ásamt Ragnheiði Gröndal og Stefáni Erni Gunnlaugssyni.

Óhætt er að segja að mikil eftirvænting var ríkjandi á meðal kennara að fá námsefnið í skólana og hafa rúmlega 300 kennarar sótt námskeið í notkun efnisins. Nánari upplýsingar um efnið fyrir 0-3ja ára má nálgast [hér](#).



Börn úr leikskólanum Fífuborg sungu nokkur Vináttulög í útgáfugleði *Vinátta* fyrir 0-3ja ára



Pöntun á námsefni

Pöntun á öllu námsefni *Vinátta* fer fram í gegnum sérstaka pöntunarsíðu sem er [hér](#).



Frá útgáfugleðinni. Að ofan: Hr. Guðni Th. Jóhannesson forseti Ísland. Að neðan: Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra.



Nýtt blað Barnaheilla er komið út

[Hér](#) getið þið nálgast nýjsta blað *Barnaheilla* á rafrænu formi.



Tilraunakennslu með grunnskólaefnið er að ljúka

Nú er tilraunakennslunni að ljúka í þeim 19 grunnskólum sem hafa unnið með *Vinátta* sl. tvö ár. Almennt er mikil ánægja með *Vinátta* á meðal kennara og nemenda og er námsefnið í mikilli notkun. Áfram verður unnið með *Vinátta* í grunnskólunum og er það mikið fagnaðarefni. Kennararnir hafa nú fyllt út þrjá spurningalista og unnið verður úr niðurstöðum þeirra. Endurbætt og nýuppfærð útgáfa af grunnskólaefninu er í vinnslu og er væntanleg næsta vetur. Þá mun öllum grunnskólum landsins standa til boða að vinna með *Vinátta*.



Námskeið og kynningar

Reglulega er boðið upp á námskeið í notkun *Vinátta*. Námskeiðin hafa verið vel sótt, fengið heilmargar jákvæðar umsagnir og mikil eftirspurn er á þau. Nánari upplýsingar um námskeið má nálgast [hér](#). Margir hafa kosið að fá námskeið eða kynningar í skóla fyrir alla starfsmenn og einnig er boðið upp á kynningar fyrir foreldra. Hafið samband í gegnum vinatta@barnaheill.is til að fá nánari upplýsingar.

Barnaheill - Save the Children 100 ára

Alþjóðasamtökin *Save the Children* sem Barnaheill eru hluti af fagna í ár 100 ára afmælinu. Það var árið 1919 sem breski barnaskólakennarinn Eglantyne Jebb stofnaði samtökin og var henni umhugað að öll börn ættu sama rétt burtséð frá uppruna þeirra og stöðu foreldra. Jebb hóf baráttu sína fyrir réttindum barna til að alast upp við öryggi og frið í kjölfarið á hörmungum sem dundu yfir við lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem í ár er 30 ára. *Save the Children* eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Enn þann dag í dag líða börn fyrir þau stríð sem eru ríkjandi og er afmælisárið tileinkað baráttu gegn stríði. #[STOPTHEWARONCHILDREN](https://www.savethechildren.org)



Rannsókn á viðhorfum foreldra

Könnun var gerð á meðal 594 foreldra barna í 0.-3. bekk í Danmörku á sl. ári fyrir Red barnet og Mary Fonden þar sem kannað var viðhorf foreldra til samskipta í barnahópum. Niðurstöður benda m.a. til að:

Foreldrar vilja stuðning kennara og leiðbeiningar um hvernig þeir geti stuðlað að velferð og vellíðan í bekknum almennt - jafnvel þótt það sé ekki þeirra eigið barn sem á erfitt eða líður illa.

Foreldrar telja óásættanlegt að barn í bekknum er lagt í einelti, eða sé útilokað, þó að þeirra barn eigi ekki í hlut.


Þetta styður við fyrri rannsóknir sem sýna fram á breytingu á hugarfari foreldra þegar þeir hafa kynnt sér *Vinátta* auk þess sem sýn þeirra á samskipti, skólabrag og einelti breytist. [Hér](#) er hægt að fræðast betur um rannsóknina.

Barnaheill stækka og flytja

Nýlega stækkuðu Barnaheill þegar *Verndarar bara – Blátt áfram* varð eitt af verkefnum samtakanna. Frá upphafi hefur vernd barna gegn ofbeldi verið helsta baráttumál Barnaheilla og nú verða samtökin enn öflugri í þeirri baráttu. Þörf er á nýju húsnæði vegna aukinna umsvifa og flytja Barnaheill nú í sumar að **Fákafeni 9, 2. hæð**.

Blær brúar bilið

Grunnskólinn Hörðuvallaskóli og leikskólarnir Austurkór, Kór og Baugur í Kópavogi hófu nýlega þróunarsamvinnu sem ber heitið *Blær brúar bilið* og var verkefnið styrkt úr Sprotasjóði. Markmiðið með verkefninu er að efla samstarf milli leik- og grunnskóla í þeim tilgangi að auðvelda börnum að fara milli skólastiga. Haldnar hafa verið kynningar bæði fyrir kennara og verðandi grunnskólaforeldra um hugmyndafræði og námsefni *Vinátta*. Unnið er með *Vinátta* í öllum þessum skólum og mun Blær án nokkurs vafa aðstoða börnin við að brúa bilið milli skólastiganna.



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um *Vinátta* eru á [vefsíðu Barnaheilla](#)